

## 1.fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

Fyrsti fundur nýrrar landbúnaðarnefndar fyrir kjörtímabilið 2018-2022 var haldinn 14.júní 2018 klukkan 20:30. Í nefndinni eru Björgvin Ólafsson formaður, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson. Björgvin setti fundinn og Jóhanna Bríet skrifaði fundargerð.

Nefndarmenn hittust og ræddu saman um komandi tíma í landbúnaðarnefnd. Nefndin er spennt fyrir nýju og krefjandi verkefni. Engin formleg dagskrá lá fyrir fundinn en ýmis mál voru rædd.

### 1. Fjallferð:

- a. Ýmsar hugmyndir og pælingar varðandi fjallferð næsta haust. Nú liggur fyrir að skipa þarf í stöðu fjallkóns þar sem Steinar Halldórsson gefur ekki áfram kost á sér.
- b. Betri upplýsingar um hversu margir hausar eru á bakvið hverja leit og hversu marga hausa hvert bú fyrir sig er með.
- c. Fá fleiri fjórhjólamenn í leitir.
- d. Nestismál fyrir fjallmenn.

### 2. Afréttagirðing:

- a. Bæta þarf afréttagirðingu fyrir 1.júlí nk.

### 3. Vatnsmál:

- a. Vatnsmál á afréttinum, t.d. í gerðinu við Tungufellsdal og Stangarárbotnagerði.

### 4. Önnur mál:

- a. Nefndin vill endilega hvetja alla bændur og aðra landbúnaðarsinna til að koma öllum þeim hugmyndum og pælingum sem vakna á framfæri til okkar.

Fundi slitið klukkan 22:00

